

**Núgildandi lagaákvæði um endurupptöku dómsmála,  
miðað við 1. janúar 2018, án breytinga og með ráðgerðum breytingum:**

Lög nr. 50/2016 um dómstóla

■ **4. gr.** *Aðrir dómstólar.*

Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá gilda ákvæði í öðrum lögum.

**IX. kafli. Endurupptökunefnd.**

■ **54. gr.** *Skipun og hlutverk endurupptökunefndar.*

Endurupptökunefnd er sjálfstæð og óháð stjórnarsýslunefnd sem tekur ákvörðun um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti.

Um endurupptöku máls fer eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála og laga um meðferð einkamála.

Endurupptökunefnd skipa þrír fulltrúar og þrír til vara sem allir skulu hafa lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum. Einn aðalmaður skal tilnefndur af Hæstarétti, annar af dómstólasýslunni og Alþingi kys þann þriðja. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Óheimilt er að tilnefna alþingismenn, starfsmenn Stjórnarráðs Íslands, dómara eða aðra starfsmenn dómstóla í nefndina.

Nefndarmenn eru skipaðir af ráðherra. Skipunartími í nefndina er sex ár en þó þannig að annað hvert ár renni út skipunartími eins nefndarmanns. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftari en einu sinni. Formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra til tveggja ára í senn og skal hann fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti hæstaréttardómara.

Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls fer eftir ákvæðum réttarfarslaga um hæfi dómara.

Ákvarðanir nefndarinnar eru teknar með meiri hluta atkvæða fulltrúa í nefndinni. Þær skulu vera rökstuddar og birtar opinberlega eftir að þær hafa verið kunngerðar aðilum máls.

Ákvörðun nefndarinnar um að synja beiðni um endurupptöku máls er endanleg og verður ekki skotið til dómstóla.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar og starfsskilyrði.

## Ráðgerðar breytingar, feitletraðar:

### ■4. gr. Aðrir dómstólar.

Endurupptökudómur starfar skv. 54. gr. laga þessara. Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá gilda ákvæði í öðrum lögum.

### IX. kafli. Endurupptökudómur.

#### ■ 54. gr. Skipun og hlutverk endurupptökudóms.

Endurupptökudómur er sérdómstóll sem sker úr um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti.

Um endurupptöku máls fer eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála og sakamála.

Endurupptökudóm skipa fimm dómendur og fimm til vara. Þrír af þeim skulu vera embættisdómarar, þar af einn tilnefndur af Hæstarétti úr hópi dómara við réttinn, annar af Landsrétti úr hópi dómara við réttinn og sá þriðji sameiginlega af dómstjórum héraðsdómstólanna úr hópi héraðsdómara. Fjórdi dómandinn skal vera lögmaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands og sá fimmti fastráðinn háskólakennari með sérþekkingu á réttarfari samkvæmt tilnefningu lagadeilda við íslenska háskóla. Varadómendur skulu tilnefndir á sama hátt.

Dómendur Endurupptökudóms eru skipaðir af ráðherra. Skipunartími þeirra er sex ár en þó þannig að annað hvert ár renni út skipunartími eins þeirra þriggja sem koma úr röðum embættisdómara og þriðja hvert ár annars af hinum tveimur. Sami maður verður ekki skipaður sem aðalmaður í dóminn oftari en einu sinni. Sá hæstaréttardómari sem skipaður er í dóminn skal vera forseti hans.

Þeir dómendur Endurupptökudóms sem koma úr röðum embættisdómara skera einir úr um hvort synja skuli um beiðni af þeirri ástæðu að hún sé bersýnilega ekki á rökum reist. Séu þeir ekki sammála um þá niðurstöðu tekur fullskipaður dómur afstöðu til beiðninnar og ræður afl atkvæða þá úrslitum. Um hæfi dómenda til meðferðar einstaks máls fer eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála eða sakamála um hæfi dómara.

Úrlausnir Endurupptökudóms eru endanlegar. Úrskurðir dómsins um hvort mál verði endurupptekið skulu vera skriflegir og birtir opinberlega, þar á meðal sérálit minnihluta dómenda ef um það er að ræða. Í úrskurði ber að greina nafn og heimili þess sem beið þefur um endurupptöku og þann dóm sem beiðst er upptöku á, svo og í stuttu máli á hverju beiðnin er reist. Þá á að koma þar fram stutt yfirlit yfir atvik máls og rökstuðningur fyrir niðurstöðu dómsins sem dregin skal að lokum saman í úrskurðarorð. Ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist er ekki þörf á að greina málsatvik í úrskurði. Að öðru leyti tekur dómurinn afstöðu til atriða, svo sem varðandi meðferð máls, með skriflegri ákvörðun.

Endurupptökudómur setur sér reglur þar sem nánar skal kveðið á um starfsemi hans og meðferð mála fyrir honum að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um það í lögum um meðferð einkamála eða sakamála.

Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni. Kjararáð ákveður þóknun dómenda hans.

## Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála

### **XXVIII. kafli, áður XXVI. kafli. Endurupptaka óáfrýjaðs máls.**

■ **191. gr., áður 167. gr.** 1. Nú hefur héraðsdómur gengið í máli, sem hefur ekki verið áfrýjað, og áfrýjunarfrestur er liðinn, og getur þá endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla orðið við beiðni um að málið verði endurupptekið í héraði ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar og aðilanum verður ekki kennt um það,

b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,

c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

□ 2. Aðili getur ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

■ **192. gr., áður 168. gr.** 1. Skriflegri beiðni um endurupptöku skal beint til endurupptökunefndar. Í henni skal rökstyðja ítarlega þær ástæður sem þykja standa til endurupptöku og skulu gögn fylgja henni eftir þörfum.

□ 2. Ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist synjar endurupptökunefnd þegar í stað um endurupptöku. Að öðrum kosti verða beiðnin og fylgigögn send gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín innan tiltekins frests.

□ 3. Endurupptökunefnd ákveður hvort af endurupptöku verði. Fallist nefndin á beiðni skal fyrri dómur í málinu halda gildi sínu þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp. Ákvörðun nefndarinnar um endurupptöku hindrar ekki aðför eftir dómi.

□ 4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins í héraði af hendi þess sem beiddist hennar, og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

□ 5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný í héraði eftir reglum þessara laga.

### **XXIX. kafli, áður XXVII. kafli. Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti.**

**193. gr., áður 169. gr.** 1. Endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla getur leyft samkvæmt beiðni aðila að mál sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 191. gr. Mál verður ekki endurupptekið í Landsrétti nema frestur til að leita áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sé liðinn eða Hæstiréttur hafi synjað um áfrýjunarleyfi.

2. Aðili getur ekki óskað eftir endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

3. Ákvæði 1.–3. mgr. 192. gr. gilda um beiðni um endurupptöku, meðferð beiðni, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Landsrétti eða Hæstarétti af hendi þess sem beiddist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Landsrétti eða Hæstarétti samkvæmt reglum XXV. eða XXVII. kafla þessara laga eftir því sem á við.

## Ráðgerðar breytingar, feitletraðar:

### XXVIII. kafli, áður XXVI. kafli. Endurupptaka óáfrýjaðs máls.

■ **191. gr., áður 167. gr.** 1. Nú hefur héraðsdómur gengið í máli, sem hefur ekki verið áfrýjað, og áfrýjunarfrestur er liðinn, og getur þá **Endurupptökudómur** orðið við beiðni um að málið verði endurupptekið í héraði ef **öðru af** eftirfarandi skilyrðum er fullnægt, **enda mæli atvik með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðila séu í húfi:**

a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar og aðilanum verður ekki kennt um það,

b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum.

2. Aðili getur að jafnaði ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. oftast en einu sinni nema ný gögn hafi komið fram eftir að leyst var úr fyrri beiðni hans og sterkar líkur séu leiddar að því að þau muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

■ **192. gr., áður 168. gr.** 1. Skriflegri beiðni um endurupptöku skal beint til **Endurupptökudóms**. Í henni skal rökstyðja ítarlega þær ástæður sem þykja standa til endurupptöku og skulu gögn fylgja henni eftir þörfum.

2. Ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist synjar **Endurupptökudómur** þegar í stað um endurupptöku. Að öðrum kosti verða beiðnin og fylgigögn send gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín innan tiltekins frests.

3. **Endurupptökudómur** ákveður hvort af endurupptöku verði. **Fallist dómurinn á beiðni skal hann um leið taka afstöðu til þess hvort áhrif fyrri dóms falli niður meðan málið er rekið. Endurupptaka hindrar ekki aðför eftir dómi nema áhrif hans séu felld niður með þessum hætti.**

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins í héraði af hendi þess sem beiddist hennar, og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný í héraði eftir reglum þessara laga.

### XXIX. kafli, áður XXVII. kafli. Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti.

**193. gr., áður 169. gr.** 1. **Endurupptökudómur** getur leyft samkvæmt beiðni aðila að mál sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 191. gr. Mál verður ekki endurupptekið í Landsrétti nema frestur til að leita áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sé liðinn eða Hæstiréttur hafi synjað um áfrýjunarleyfi.

2. **Aðili getur að jafnaði ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. oftast en einu sinni nema ný gögn hafi komið fram eftir að leyst var úr fyrri beiðni hans og sterkar líkur séu leiddar að því að þau muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.**

3. Ákvæði 1.–4. mgr. 192. gr. gilda um beiðni um endurupptöku, meðferð beiðni, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Landsrétti eða Hæstarétti af hendi þess sem beiddist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins

niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Landsrétti eða Hæstarétti samkvæmt reglum XXV. eða XXVII. kafla þessara laga eftir því sem á við.

## Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála

### **XXXIV. kafli, áður XXXII. kafli. Endurupptaka óáfrýjaðs máls.**

■ **228. gr., áður 211. gr.** Nú hefur héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hefur verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn og getur þá endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla orðið við beiðni manns, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, um að málið verði endurupptekið í héraði ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk,

b. ætla má að lögregla, ákærandi, dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef vitni eða aðrir hafa vísitandi borið ranglega fyrir dómi eða fölsuð skjöl verið lögð fram og það hefur valdið rangri niðurstöðu málsins,

c. verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess,

d. verulegir gallar hafa verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

Ef einhver sá sem vinnur að rannsókn eða meðferð sakamála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. getur ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

Endurupptökunefnd getur orðið við beiðni ríkissaksóknara um að mál verði tekið upp á ný í héraði ef dómur hefur gengið þar, honum hefur ekki verið áfrýjað, áfrýjunarfrestur er liðinn og ákærði hefur verið sýknaður eða sakfelldur fyrir mun minna brot en hann var borinn sökum um ef:

a. ákærði hefur eftir að dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var sakaður um eða önnur gögn hafa komið fram sem geta gefið ótvíræðar vísbendingar um sök hans, eða

b. svo stendur á sem um ræðir í b-lið 1. mgr.

Ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur atvik vera með einhverjum þeim hætti sem greinir í 1. mgr.

Nú er dómfelldi látinn og getur þá endurupptökunefnd orðið við beiðni maka, barna, foreldra eða systkina hins látna um endurupptöku máls enda sé einhverju skilyrða 1. mgr. fullnægt og sérstaklega standi á. Sá sem fer fram á endurupptöku nýtur eftir því sem við á sömu réttarstöðu og dómfelldi við meðferð beiðninnar hjá nefndinni.

■ **229. gr., áður 212. gr.** Beiðni um endurupptöku skal vera skrifleg og henni beint til endurupptökunefndar. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt. Gögn því til stuðnings skulu fylgja beiðninni.

Ef dómfelldi leitar endurupptöku og hann er sviptur frelsi er yfirmanni fangelsis skylt að koma beiðni hans á framfæri.

Ef beiðni um endurupptöku er bersýnilega ekki á rökum reist hafnar endurupptökunefnd henni þegar í stað.

■ **230. gr., áður 213. gr.** Ef beiðni um endurupptöku er ekki hafnað þegar í stað samkvæmt því sem í 3. mgr. 229. gr. segir skulu hún og gögnin, sem henni fylgdu, send til gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín til hennar innan tiltekins frests. Hafi dómfelldi borið fram beiðnina og staðið sjálfur að henni getur endurupptökunefnd þó fyrst skipað honum

lögmann og gefið honum kost á að gera beiðni á nýjan leik. Við frekari meðferð beiðni um endurupptöku er nefndinni skylt að skipa dómfellda eða ákærða lögmann til að gæta réttar hans ef hann óskar eftir því. Nefndin ákveður þóknun lögmanns vegna starfa hans fyrir henni og er sú ákvörðun endanleg.

Endurupptökunefnd getur ákveðið að beiðni um endurupptöku fresti réttaráhrifum dóms meðan á meðferð hennar stendur.

Við meðferð beiðni um endurupptöku getur endurupptökunefnd beint því til ríkissaksóknara að hann hlutist til um rannsókn á nánar tilgreindum atriðum eða að aflað verði sönnunargagna fyrir héraðsdómi. Dómfelldi eða ákærði getur jafnframt krafist þess að gagna verði aflað fyrir dómi. Um slíka gagnaöflun fer skv. XXI. kafla eftir því sem átt getur við.

Endurupptökunefnd getur gefið aðilum kost á að tjá sig munnlega um beiðni um endurupptöku máls.

Ef í ljós er leitt að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt getur sá sem hana bar fram breytt henni því til samræmis.

■ **231. gr., áður 214. gr.** Endurupptökunefnd tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu halda gildi sínu þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp.

Hafi endurupptaka verið heimiluð skal málið sæta meðferð á ný fyrir héraðsdómi eftir almennum reglum laga þessara í samræmi við ákvörðun endurupptökunefndar skv. 1. mgr. Um áfrýjun á nýjum dómi gilda ákvæði XXXI. kafla.

Nú hefur mál verið endurupptekið eftir beiðni dómfellda og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

Kostnaður af beiðni dómfellda um endurupptöku og af nýrri meðferð málsins ef á hana er fallist skal greiddur úr ríkissjóði nema dómfelldi hafi komið henni til leiðar með gögnum sem hann mátti vita að væru ósönn. Að öðru leyti fer um sakarkostnað eftir almennum reglum.

### **XXXV. kafli, áður XXXIII. kafli. Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti.**

**232. gr., áður 215. gr.** Endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla getur leyft samkvæmt beiðni að mál sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 228. gr.

Mál verður ekki endurupptekið í Landsrétti nema frestur til að leita áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sé liðinn eða Hæstiréttur hafi synjað um áfrýjunarleyfi. Um beiðni um endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti og meðferð hennar gilda ákvæði 229. gr. og 230. gr. eftir því sem við á.

Endurupptökunefnd tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið og gilda ákvæði 1. mgr. 231. gr. um þá ákvörðun.

Nú hefur endurupptaka máls verið heimiluð, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, og skal þá upp frá því fara með það að því marki, sem heimildin nær, eftir almennum reglum XXXI. kafla eins og áfrýjunarstefna hefði verið gefin út á þeim tíma þegar endurupptaka var ráðin.

Að því leyti sem endurupptaka máls hefur verið heimiluð skal nýr dómur ganga í því fyrir Landsrétti án tillits til þess hvort niðurstöðu sé breytt frá fyrra dómi.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 231. gr. gilda um mál sem endurupptekið er fyrir Landsrétti eða Hæstarétti.



## Ráðgerðar breytingar, feitletraðar:

### XXXIV. kafli, áður XXXII. kafli. Endurupptaka óáfrýjaðs máls.

■ **228. gr., áður 211. gr.** Nú hefur héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hefur verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn og getur þá **Endurupptökudómur** orðið við beiðni manns, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, um að málið verði endurupptekið í héraði ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk,

b. ætla má að lögregla, ákærandi, dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef vitni eða aðrir hafa vísvitandi borið ranglega fyrir dómi eða fölsuð skjöl verið lögð fram og það hefur valdið rangri niðurstöðu málsins,

c. verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess,

d. verulegir gallar hafa verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

Ef einhver sá sem vinnur að rannsókn eða meðferð sakamála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. getur ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

**Endurupptökudómur** getur orðið við beiðni ríkissaksóknara um að mál verði tekið upp á ný í héraði ef dómur hefur gengið þar, honum hefur ekki verið áfrýjað, áfrýjunarfrestur er liðinn og ákærði hefur verið sýknaður eða sakfelldur fyrir mun minna brot en hann var borinn sökum um ef:

a. ákærði hefur eftir að dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var sakaður um eða önnur gögn hafa komið fram sem geta gefið ótvíræðar vísbindingar um sök hans, eða

b. svo stendur á sem um ræðir í b-lið 1. mgr.

Ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur atvik vera með einhverjum þeim hætti sem greinir í 1. mgr.

Nú er dómfelldi látinn og getur þá **Endurupptökudómur** orðið við beiðni maka, barna, foreldra eða systkina hins látna um endurupptöku máls enda sé einhverju skilyrða 1. mgr. fullnægt og sérstaklega standi á. Sá sem fer fram á endurupptöku nýtur eftir því sem við á sömu réttarstöðu og dómfelldi við meðferð beiðninnar **fyrir dóminum**.

■ **229. gr., áður 212. gr.** Beiðni um endurupptöku skal vera skrifleg og henni beint til **Endurupptökudóms**. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt. Gögn því til stuðnings skulu fylgja beiðninni.

Ef dómfelldi leitar endurupptöku og hann er sviptur frelsi er yfirmanni fangelsis skylt að koma beiðni hans á framfæri.

Ef beiðni um endurupptöku er bersýnilega ekki á rökum reist hafnar **Endurupptökudómur** henni þegar í stað.

■ **230. gr., áður 213. gr.** Ef beiðni um endurupptöku er ekki hafnað þegar í stað samkvæmt því sem í 3. mgr. 229. gr. segir skulu hún og gögnin, sem henni fylgdu, send til gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín til hennar innan tiltekins frests. Hafi dómfelldi borið fram beiðnina og staðið sjálfur að henni getur **Endurupptökudómur** þó fyrst skipað honum **verjanda** og gefið honum kost á að gera beiðni á nýjan leik. Við frekari meðferð beiðni

um endurupptöku er **dóminum** skylt að skipa dómfellda eða ákærða **verjanda** til að gæta réttar hans ef hann óskar eftir því. **Dómurinn ákveður þóknun verjanda vegna starfa hans.**

**Endurupptökudómur** getur ákveðið að beiðni um endurupptöku fresti réttaráhrifum dóms meðan á meðferð hennar stendur.

Við meðferð beiðni um endurupptöku getur **Endurupptökudómur** beint því til ríkissaksóknara að hann hlutist til um rannsókn á nánar tilgreindum atriðum **skv. 2. þætti laga þessara** eða að aflað verði sönnunargagna fyrir **dóminum**. Dómfelldi eða ákærði getur jafnframt krafist þess að gagna verði aflað fyrir **honum**. Um slíka gagnaöflun fer **skv. XVI.–XX. kafla laganna** eftir því sem átt getur við.

**Endurupptökudómur** getur gefið aðilum kost á að tjá sig munnlega um beiðni um endurupptöku máls.

Ef í ljós er leitt að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt getur sá sem hana bar fram breytt henni því til samræmis.

■ **231. gr., áður 214. gr. Endurupptökudómur kveður upp úrskurð** um hvort mál verði endurupptekið. **Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu falla úr gildi, annaðhvort að öllu leyti eða hluta, nema dómurinn ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp.**

Hafi endurupptaka verið heimiluð skal málið sæta meðferð á ný fyrir héraðsdómi eftir almennum reglum laga þessara í samræmi við **úrskurð Endurupptökudóms skv. 1. mgr.** Um áfrýjun á nýjum dómi gilda ákvæði **XXXI. og XXXIII. kafla. Sé dómfelldi látinn skal Endurupptökudómur þó ráða málinu til lykta án frekari dómsmeðferðar.**

Nú hefur mál verið endurupptekið eftir beiðni dómfellda og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

Kostnaður af beiðni dómfellda um endurupptöku og af nýrri meðferð málsins ef á hana er fallist skal greiddur úr ríkissjóði nema dómfelldi hafi komið henni til leiðar með gögnum sem hann mátti vita að væru ósönn. Að öðru leyti fer um sakarkostnað eftir almennum reglum.

**XXXV. kafli, áður XXXIII. kafli. Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti.**

**232. gr., áður 215. gr. Endurupptökudómur** getur leyft samkvæmt beiðni að mál sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 228. gr. **Þó getur dómurinn ákveðið að sömu skilyrðum uppfylltum að mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verði vísað til meðferðar og dómsuppsögu að nýju í Landsrétti.**

Mál verður ekki endurupptekið í Landsrétti nema frestur til að leita áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sé liðinn eða Hæstiréttur hafi synjað um áfrýjunarleyfi. Um beiðni um endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Landsrétti eða Hæstarétti og meðferð hennar gilda ákvæði 229. gr. og 230. gr. eftir því sem við á.

**Endurupptökudómur** tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið og gilda ákvæði 1. mgr. 231. gr. um þá ákvörðun.

Nú hefur endurupptaka máls verið heimiluð, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, og skal þá upp frá því fara með það að því marki, sem heimildin nær, eftir almennum reglum XXXI. kafla eins og áfrýjunarstefna hefði verið gefin út á þeim tíma þegar endurupptaka var ráðin **og XXXIII.**

**kafla eftir því sem á við.**

Að því leyti sem endurupptaka máls hefur verið heimiluð skal nýr dómur ganga í því fyrir Landsrétti **eða Hæstarétti** án tillits til þess hvort niðurstöðu sé breytt frá fyrra dómi.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 231. gr. gilda um mál sem endurupptekið er fyrir Landsrétti eða Hæstarétti.